ÖLDUSELSSKÓLI

Námsáætlun / bekkjarnámskrá 2026 – 2027

Enska, 4. bekkur

Kennari/ar

Kristín Steinunn Birgisdóttir, kristin.steinunn.birgisdottir@reykjavik.is

María Thorlacius, maria.thorlacius.yngvinsdottir@reykjavik.is

Sigríður Hrönn Þórarinsdóttir, sigridur.hronn.thorarinsdottir@reykjavik.is

Elma Finnlaug Þorsteinsdóttir, Elma.Finnlaug.Thorsteinsdottir@reykjavik.is .

Lýsing

Enska og UT deila 40 mínútna tíma á viku samkvæmt stundatöflu. Námið miðar að því að efla grunnorðaforða og öryggi í einföldum samskiptum. Áætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Markmið / inntak

Nemendur æfa hlustun, lestur, frásögn og einföld samskipti. Þeir læra að spyrja og svara, segja frá sjálfum sér og skrifa einföld orð og setningar. Unnið er með menningarlæsi eftir því sem viðfangsefni gefa tilefni til.

Námsefni

Unnið er með:

- Yes We Can
- Söngvar, leikir, hlustunarefni og verkefni kennara

Kennsluaðferðir

Unnið er með leiki, söngva, hlustun, lestur og samtöl. Myndir og endurtekning styðja við orðaforða. Nemendur vinna einstaklingslega og í pörum og fá tækifæri til að æfa tjáningu sína.

Námsmat

Fylgst er með framförum í orðaforða, skilningi og tjáningu með samtölum og stuttum verkefnum. Námsmat er leiðbeinandi og niðurstöður birtast í Mentor.

Námslotur

Námið er samþætt en megináherslur eru:

Hlustun og lestur: einföld fyrirmæli, orðaforði og stuttir textar.

Samskipti og frásögn: spurningar, svör og einfaldar kynningar.

Ritun og menningarlæsi: orð, setningar, siðir og venjur.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá **(listuð upp eins og þau eru í aðalnámskrá)**

Valin hæfniviðmið 1. stigs í erlendum tungumálum. Nemandi getur:

- skilið algeng orð, einföld fyrirmæli og frásagnir og brugðist við þeim,
- hlustað eftir einföldum upplýsingum og nýtt sér í námi sínu.
- fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu,
- lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs.
- spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst,
- tekið þátt í einföldum samræðum í skólastofunni.
- tjáð sig á einfaldan hátt um sjálfan sig og líf sitt,
- undirbúið og flutt einfalda frásögn eða kynningu um efni sem hann þekkir vel,
- skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við,
- byggt upp einfaldar setningar, stafsett algeng orð og notað algeng greinarmerki,
- sýnt að hann þekkir til ýmissa sérkenna menningarsvæðisins,
- gert sér grein fyrir mismunandi siðum og hefðum á viðkomandi málsvæði,

Heimild: Aðalnámskrá grunnskóla, 20. kafli, adalnamskra.is.